

2011—2012

Verzió



Aðstaðan

Dagur í lífi Verzlings
4—5



Námið

Að læra í Verzló
6



Fjarnám

Farðu lengra
7



Félagsfræðabraut
Alþjóðasvið
8



Málabraut
Málasvið
9



Náttúrufræðibraut
Eðlisfræðisvið
10



Náttúrufræðibraut
Líffræðisvið
11



Viðskipta- og hagfræðibraut
Hagfræðisvið
12



Viðskipta- og hagfræðibraut
Viðskiptasvið
13



Verzlunar- og
frumkvöðlabraut
14



Félagslíf
Lífið í Verzló
15



Viðtal

Núverandi vs.
Fyrirverandi
16—19





Ingi Ólafsson

Skólastjóri

Hvenær var Verzló stofnaður?

Hann var stofnaður árið 1905.

Hver er helsti munurinn á Verzló þá og nú?

Þegar skólinn var stofnaður var það fyrst og fremst til að styrkja íslenskt atvinnulíf og þá sérstaklega í verslun og viðskiptum. Nú í dag veitir skólinn mun breiðari menntun og er höfuðáhersla lögð á að búa nemendur undir frekara nám á háskólastigi. Hin síðari ár hefur skólinn lagt meiri áherslu á raungreinar en áður, enda fer mikill fjöldi nemenda í verkfræði og tengdar greinar. Við erum þó alltaf trú uppruna okkar og viðskiptagreinar skipa enn stóran sess í námsframboði skólans í dag.

Hvert er hlutverk Verzló?

Skólinn leggur áherslu á að bjóða nemendum sínum upp á gott nám sem mun opna fjölbreyttar leiðir til frekara náms eða á hinum almenna vinnumarkaði.

Fyrir hvem er Verzló?

Verzlunarskólinn er fyrir alla duglega og metnaðarfulla nemendur sem vilja góða og hagnýta menntun.

Hvað viltu segja um námið í Verzló?


Námið er mjög fjölbreytt og ætti að höfða til allra. Hér er lögð viss áhersla á viðskiptagreinar, til að mynda geta allir nemendur fengið verslunarpróf að loknu öðru námsári óháð brautum. Skólinn er bekkjaskóli þar sem hver bekkur hefur sína heimastofu. Þetta eykur mjög samheldni nemenda.

Félagslíf og nám, er hægt að flétta þessu saman?

Já það er vel hægt, enda hafa margir nemendur sýnt fram á það. Slíkt krefst þó skipulagningar og dugnaðar. Í gegnum árin hafa margir af okkar bestu nemendum tekið virkan þátt í félagslífinu.

Hvernig er að vera skólastjóri Verzló?

Það er mjög gaman. Starfið er auðvitað krefjandi en líka mjög gefandi. Skólinn iðar af lífi og metnaðarfullu starfi alla daga. Hér er alltaf eitthvað nýtt að gerast. Mér finnst ég hreinlega í mjög öfundsverðu starfi innan um svo öflugt fólk, og þá á ég bæði við starfsfólk og nemendur.



Aðstaðan

Dagur í lífi Verzlings

Við fylgdum Ólöfu Jöru nemó stjörnu, leiklistaráhugakonu og yfirhöfuð góðri manneskju eins og skugginn einn góðan veðurdag, gagngert í þeim tilgangi að sjá hvernig aðstöðu Verzlingar lifa og hrærast í.



Verzlunarskóli Íslands er ákaflega vel staðsettur, nánar tiltekið miðsvæðis í Reykjavík við Ofanleiti 1. Skólinn er í um 10.500 m² húsnæði, með samtals 49 kennslustofum, sex tölvustofum og þremur fyrirlestrasölum.



Áslaug Arna:

Það eru mörg lítil en mikilvæg atriði sem móta bekkjarandann, til dæmis er hver

bekkur með sína heimastofu. Fyrir vikið er maður ekki á endalösu flakki milli tíma heldur getur maður notað frímínúturnar til þess að gera eitthvað af viti.



Við skólann starfa þrjú námsráðgjafar sem og félagslífs- og forvarnafulltrúar.



Í skólanum er stórt og vel búið bókasafn, lesstofa með 30 lesbásum og verkefnaherbergi með 14 tölvum sem hentar vel sem hópinnuherbergi.



Kristjana:


Bókasafnið í Verzló er náttúrulega algjör snilld. Maður finnur nánast allt sem

hægt er á þessu bókasafni. Frá orðabókum og upp í glænýjar DVD myndir! Bókasafnið býður líka upp á frábæra lesstofu sem nýtist afar vel í prófunum.

Aðstaða til raungreinakennslu var endurbætt til muna árið 2006 og aðstaða fyrir verklega kennslu í raungreinum finnst nú vart betri á landinu.



Allir nemendur eru með aðgang að Internetinu og hver nemandi hefur sitt netfang og vefsvæði. Í skólanum er einnig þráðlaust net og geta fartölvunotendur tengst neti skólans þráðlaust.



Tölvukostur skólans er mjög góður en skólinn kappkostar að bjóða nemendum ávallt upp á nýjar tölvur, hugbúnað og annan tækjakost.



Ásgeir Orri:

Tölvurnar í Verzló eru í takt við tímann, sem er mjög mikilvægt þar sem að tíminn líður

hratt á gervihnattaöld. En það sem er líka frábært við tölvurnar hérna er að það er feikinóg af þeim, enda sex tölvustofur í skólanum, þannig að maður þarf ekki að standa í biðröð eða vera í einhverju veseni.



Í skólanum er mjög góð íþróttaaðstaða með tveimur íþróttasölum sem eru ákaflega vel tækjum búnir.



Daniel Takefusa:

Þetta er auðvitað besta íþróttaaðstaða í Reykjavík! Það er allt til alls hérna!

Íþróttasalurinn er ótrúlega stór og þægilegur, og hefur allt sem þarf, auk þess sem það er snilld að kíkja í tækjasalinn og pumpa sig aðeins upp.



Strætisvagnasamgöngur eru mjög góðar við skólann, sama hvaðan er komið.



Í næsta nágrenni er Kringlan með fjölda verslana og veitingastaða. Að auki er kvikmyndahús, Borgarleikhúsið og Borgarbókasafnið auk margra annarra fyrirtækja og stofnana í göngufæri við skólann.



Vala Kristín:

Ég elska Kringluna. Í Kringlunni fæst matur og kaffi, svo einfalt er það. Ég

elska mat og kaffi og þar fæ ég matinn minn og kaffið mitt :)!



Námið

Að læra í Verzló

Verzlunarskólinn er bekkjaskóli og hefur hver bekkur sína eigin heimastofu. Þetta fyrirkomulag þykir auka mjög samheldni nemenda auk þess sem almenn sátt er um að bekkjakerfið bæti, kæti og gefi betri stemmningu.

Prófin, sem nemendur taka um júl og á vorin, eru lokapróf í viðkomandi námsáfangi.

- 2 ár (70 einingar) Verslunarpróf
- 4 ár (140 einingar) Stúdentspróf

Hér á eftir sjáum við töflur yfir einingafjölda. Það ber þó að hafa í huga að alltaf má reikna með einhverjum tilfærslum á námsgreinum milli námsára, en heildareiningafjöldi einstakra greina mun þó verða eins og sýnt er í töflunum.

Nemendur innritast á ákveðna námsbraut. Námið á öllum brautum er eins fyrsta árið, nema hvað nemendur velja á milli frönsku, spænsku og þýsku. Þetta auðveldar nemendum að skipta um braut í lok fyrsta árs.

Námsbrautir í Verzlunarskólanum eru sífellt í endurskoðun með það markmið í huga að stúdentspróf frá skólanum verði hér eftir sem hingað til framúrskarandi góður undirbúningur fyrir nám í öllum háskóladeildum og hvers konar störf í framsæknum fyrirtækjum.

Farðu lengra

Fjarnám opnar dyr og veitir tækifæri.

Er fjarnám kostur sem hentar þér? Verzlunarskólinn býður upp á fjarnám allt árið:

- fjölmargir nemendur af öllum stærðum og gerðum stunda nú fjarnám við Verzlunarskóla Íslands,
- safnaðu einingum til lokaprófs á framhaldsskólastigi,
- bættu við þig áhugaverðum áföngum,
- nám á þínum forsendum.

«Ekki láta tækifærin ganga þér úr greipum. Farðu lengra.»



Ásta Bima er fædd 1982, og útskrifast með stúdentspróf úr fjarnáminu í vor.

Hvernig er að vera í fjarnámi?

Mér finnst alveg yndislegt að vera í fjarnámi. Það er bæði mjög krefjandi og skemmtilegt, og hefur hjálpað mér meira en bara með námið. Það hefur gefið mér aukid sjálfstraust og orku til þess að takast á við heiminn!

Hverjir eru kostir fjarnáms?

Helsti kostur þess að vera í fjarnáminu fyrir mig er að ég get hagað náminu eftir þeim tíma sem hentar mér. Þannig get ég verið í vinnu, séð um börnin og heimilið, allt á meðan ég vinn mig í átt að stúdentsprófi. Einnig eru kennararnir og fjarnámsstjórnin alveg frábær og alltaf til staðar til þess að hjálpa og hvetja mann áfram.

Hverju heldurðu að fjarnámið geti skilað þér í framtíðinni?

Það mun skila mér hvata til þess að sækjast eftir vinnu sem ég hefði ekki þorað að sækja um áður og jafnvel enn lengra til áframhaldandi náms. Fjarnámið hefur opnað svo margar dyr fyrir mér. Ætli ég endi bara með einhverja flotta gráðu, hver veit...



Eypór Smári er í dagskóla, en tók líka fjarnám til að búa sig betur undir nám í háskóla.

Nú ertu bæði í dagskóla og í fjarnámi. Hver er þælingin með því?

Þælingin var eiginlega bara sú að ég hafði áhuga á líffæra- og lífeðlisfræðiáfangi sem var verið að bjóða upp á. Ég taldi að hann væri góður undirbúningur fyrir læknisfræðina, sem ég er að pæla að skella mér í.

Hver er munurinn á fjarnámi og „venjulegu“ námi?

Mér fannst munurinn aðallega liggja í því að ég gat stundað námið eftir eigin hentugleika, á mínum eigin tíma. Fyrirkomulagið á kennslunni var líka mjög þægilegt. Maður gat skoðað videokennsluna oft og spólað fram og til baka að vild.

Hverju heldurðu að fjarnámið geti skilað þér í framtíðinni?

Ég hef fulla trú á að ég geti notfært mér þetta í því námi sem ég stefni á. Miðað við hversu þægilegt og aðgengilegt námið var gæti ég vel hugsað mér að taka einhverja fleiri áfanga.

Félagsfræðabraut - Alþjóðasvið

Innan félagsfræðabrautar er boðið upp á eina leið innan kjörsviðs, þ.e. alþjóðasvið. Markmið námsins er að veita nemendum góðan grunn í sögu og menningu helstu viðskiptalanda okkar. Einnig er lögð áhersla á að kynna helstu alþjóðastofnanir og starfsemi þeirra. Nám á félagsfræðabraut veitir góða undirstöðu fyrir háskólanám í þjóðfélagsgreinum, viðskiptum, almannatengslum og fréttamennsku.

Námsgrein	Áfangar	Einingar
Íslenska	ÍSL103, 203, 303, 403, 503	15
Stærðfræði	STÆ103, 203, 363, 313	12
Danska	DAN103, 203	6
Enska	ENS103, 203, 303, 403, 503, 603	18
3. erlenda mál	ÞÝS/FRA/SPÆ103, 203, 303, 403, 503	15
Félagsfræði	FÉL303	3
Saga	SAG103, 203, 303	9
Náttúruvísindi	NÁT103, 113, 123	9
Menningarfræði	MEN103, 203	6
Landfræði	LAN103	3
Lífsleikni	LKN101, LKN121	2
Tölvunotkun	TÖN103, 203	6
Vélrítun	VÉL101	1
Alþjóðafræði	ALÞ103, 203	6
Viðskiptagreinar	BÓK113, REK103, MAR103, ÞJÓ113, ÞJÓ303	15
Lögfræði + fél.	LÖG103	3
Íþróttir	ÍÞR101, 111, 201, 211, 301, 311, 401, 411	8
Frjálst val	6 einingar	6
		143



Jón Ágúst

Geturðu sagt okkur eitthvað um brautina sem þú ert á?

Já, ég er nemandi á Félagsfræðabraut - Alþjóðasviði. Það sem ég er að læra helst er alþjóðafræði, saga og fleira í þeim dúr. Þessi braut býður upp á fjölbreytt nám sem m.a. eykur viðsýni á alþjóðasamfélagi frá öllum hliðum séð. Svo er þetta rosalega skemmtilegt.

Fyrir hverja er þessi braut?

Þessi braut er fyrir alla en sérstaklega fyrir þá sem hafa áhuga á sögu, svo er líka mjög skemmtilegur stjórnmálafræðiáfangi á brautinni.

Hvert stefnirðu í framtíðinni?

Hvernig passar þetta nám inn í þá stefnu?

Ég stefni á leiklistarnám eftir Verzló og þetta spilar ágætlega inn í það. Ég valdi mér einmitt braut út frá þessum plönnum um leiklistina. Hér fæ ég breiða og almenna menntun með áherslu á menningu í kaupbæti.

«Þessi braut býður upp á fjölbreytt nám sem m.a. eykur viðsýni á alþjóðasamfélagi frá öllum hliðum séð. Svo er þetta rosalega skemmtilegt.»

Málabraut - Málasvið

Markmið brautarinnar er að búa nemendur undir tungumála- og hugvísindanám á háskólastigi. Lögð er höfuðáhersla á helstu þjóðtungur Evrópulanda og að veita nemendum innsýn í fræðaheim málvísinda. Slíkur undirbúningur er góður grunnur fyrir háskólanám í tungumálum og býr nemendur undir þátttöku í heimi alþjóðasamskipta.

Námsgrein	Áfangar	Einingar
Íslenska	ÍSL103, 203, 303, 403, 503	15
Stærðfræði	STÆ103, 203	6
Danska	DAN103, 203, 303	9
Enska	ENS103, 203, 303, 403, 503, 603	18
3. tungumál	ÞÝS/FRA/SPÆ103, 203, 303, 403, 503	15
4. tungumál	ÞÝS/FRA/SPÆ103, 203, 303, 403, 503	15
Þjóðhagfr. + fél.	ÞJÓ113	3
Saga	SAG103, 203	6
Náttúruvísindi	NÁT103, 113, 123	9
Menningarlæsi	MEN103, 203	6
Kvikmyndir + saga	KVI103	3
Lokaverkefni	LOK103	3
Lífsleikni	LKN101, 121	2
Tölvunotkun	TÖN103	3
Vérlitun	VÉL101	1
Latína	LAT103, 203	6
Viðskiptagreinar	BÓK113, REK103	6
Lögfræði + fél.	LÖG103	3
Íþróttir	ÍÞR101, 111, 201, 211, 301, 311, 401, 411	8
Frjálst val	6 einingar	6
		143



Bylgja

Hvað geturðu sagt okkur um þessa tilteknu braut sem þú ert á?

Málabraut er mjög skemmtileg og fjölbreytt braut þar sem maður lærir mikið af tungumálum en svo lærir maður líka um menningu landa og svoleiðis.

Fyrir hverja er þessi braut góður kostur?

Málabraut er góð braut fyrir þá sem hafa áhuga á tungumálum og erlendri menningu. Einnig fyrir þá sem hyggja á nám erlendis.

Hvað ætlarðu að verða þegar þú verður stór? Hvernig passar þetta nám inn í þau áform?

Ég hef ekki ákveðið alveg hvað ég ætla að verða þegar ég verð stór en ég hef hugsað mér að fara utan í nám og málabrautin er mjög góður undirbúningur fyrir það.

«Málabraut er góð braut fyrir þá sem hafa áhuga á tungumálum og erlendri menningu.»

Náttúrufræðibraut - Eðlisfræðisvið

Innan náttúrufræðibrautar er boðið upp á tvær mismunandi leiðir innan kjörsviðs, þ.e. eðlisfræðisvið og líffræðisvið. Meginmarkmið brautarinnar er að búa nemendur undir frekara nám á háskólastigi í verkfræði, læknisfræði, raunvísindum og öðrum greinum þar sem stærðfræði og raungreinamenntunar er krafist. Á eðlisfræðisviði er áhersla lögð á stærðfræði og eðlisfræði.

Námsgrein	Áfangar	Einingar
Íslenska	ÍSL103, 203, 303, 403, 503	15
Stærðfræði	STÆ103, 203, 303, 313, 403, 503, 523, 603, 703	27
Danska	DAN103, 203	6
Enska	ENS103, 203, 303	9
3. erlenda mál	ÞÝS/FRA/SPÆ103, 203, 303, 403	12
Saga	SAG103, 203	6
Náttúruvísindi	NÁT103, 113, 123	9
Eðlisfræði	EDL103, 203, 303, 403	12
Efnafræði	EFN103, 213	6
Jarðfræði	JAR103	3
Líffræði	LÍF103	3
Lífsleikni	LKN101, LKN121	2
Tölvunotkun	TÖN103	3
Vélrítun	VÉL101	1
Tölvufræði	TÖL103	3
Viðskiptagreinar	BÓK113, REK103, ÞJÓ113	9
Lögfræði + fél.	LÖG103	3
Íþróttir	ÍÞR101, 111, 201, 211, 301, 311, 401, 411	8
Frjálst val	6 einingar	6
		143



Elísabet

Hvað heitir brautin sem þú ert á? Hverjir eru helstu áherslupættir hennar?

Brautin sem ég er á heitir Náttúrufræðibraut - Eðlisfræðisvið. Þar er mesta áherslan lögð á eðlis- og stærðfræði en til þess að hafa þetta fjölbreytt tókum við ýmsa aðra áfanga t.d. líffræði, efnafræði, rekstrarhagfræði og sögu.

Hverjum hentar þessi braut?

Þessi braut hentar vel þeim sem hafa mikinn áhuga á eðlis- og stærðfræði en einnig þeim sem vilja hafa góðan grunn fyrir háskólann. Ég meina, ef þér finnst afstæðiskenningin, stærðfræðigreining og rafmagnsfræði hljóma spennandi, þá er þetta klárlega nám fyrir þig.

Hver eru svo markmiðin þegar fram í sækir? Hvernig passar þetta nám inn í það plan?

Markmið mitt er að fara í læknisfræði í háskólanum. Þetta nám fellur mjög vel að því vegna þess að þar þarf mikla eðlis- og stærðfræðikunnáttu auk líffræði.

«Ég meina, ef þér finnst afstæðiskenningin, stærðfræðigreining og rafmagnsfræði hljóma spennandi, þá er þetta klárlega nám fyrir þig.»

Náttúrufræðibraut - Líffræðisvið

Innan náttúrufræðibrautar er boðið upp á tvær mismunandi leiðir innan kjörsviðs, þ.e. eðlisfræðisvið og líffræðisvið. Meginmarkmið brautarinnar er að búa nemendur undir frekara nám á háskólastigi í verkfræði, læknisfræði, raunvísindum og öðrum greinum þar sem stærðfræði og raungreinamenntunar er krafist. Á líffræðisviði er áhersla lögð á líffræði og efnafræði ásamt stærðfræði.

Námsgrein	Áfangar	Einingar
Íslenska	ÍSL103, 203, 303, 403, 503	15
Stærðfræði	STÆ103, 203, 303, 313, 403, 503, 603	21
Danska	DAN103, 203	6
Enska	ENS103, 203, 303	9
3. erlenda mál	ÞÝS/FRA/SPÆ103, 203, 303, 403	12
Saga	SAG103, 203	6
Náttúruvísindi	NÁT103, 113, 123	9
Eðlisfræði	EÐL103, 203	6
Efnafræði	EFN103, 203, 303, 313	12
Jarðfræði	JAR103	3
Líffræði	LÍF103, 113, 203, 303	12
Lífsleikni	LKN101, LKN121	2
Tölvunotkun	TÖN103	3
Vélrítun	VÉL101	1
Viðskiptagreinar	BÓK113, REK103, ÞJÓ113	9
Lögfræði + fél.	LÖG103	3
Íþróttir	ÍÞR101, 111, 201, 211, 301, 311, 401, 411	8
Frjálst val	6 einingar	6
		143



Grétar Atli

Hvað geturðu sagt okkur skemmtilegt um líffræðisvið á náttúrufræðibrautinni?

Hafir þú áhuga á heiminum í kringum þig, því sem þú getur þreifað á og ímyndað þér í raunveruleikanum, þá er líffræðisviðið eitthvað fyrir þig. Farið er mikið í náttúrufræði eins og nafn brautarinnar bendir til en hins vegar fylgir Verzló alltaf ákveðinn grunnur í viðskiptagreinum á borð við bókfærslu og hagfræði.

Hvað gefur þessi braut þér?

Brautin gefur mér góðan grunn í stærðfræði, efnafræði, eðlisfræði, jarðfræði og líffræði, ásamt hinum fögnum sem eru sameiginleg öllum brautum skólans. Þessi blanda klikkar ekki.

Hvað heillaði þig við líffræðisviðið? Hvernig rímar þetta nám við framtíðarþlönin?

Það sem heillaði mig mest við líffræðisviðið var að það heldur flestum möguleikum opnum fyrir háskólanám. Brautin er tilvalin fyrir fólk sem er að velta fyrir sér læknisfræði eða verkfræði. Sjálfur stefni ég á verkfræði í HÍ og ég er sannfærður um að líffræðibraut Verzlunarskóla Íslands veiti mér góðan grunn.

«Hafir þú áhuga á heiminum í kringum þig, því sem þú getur þreifað á og ímyndað þér í raunveruleikanum, þá er líffræðisviðið eitthvað fyrir þig.»

Viðskipta- og hagfræðibraut - Hagfræðisvið

Boðið er upp á tvö mismunandi svið: viðskiptasvið og hagfræðisvið. Áhersla er lögð á viðskiptagreinar og aðrar skyldar greinar þannig að nemendur geti haldið áfram námi í háskóla, í sérskólum á háskólastigi eða farið út á vinnumarkaðinn að loknu stúdentsprófi.

Námsgrein	Áfangar	Einingar
Íslenska	ÍSL103, 203, 303, 403, 503	15
Stærðfræði	STÆ103, 203, 303, 313, 403, 503, 603	21
Danska	DAN103, 203	6
Enska	ENS103, 203, 303, 403, 503	15
3. erlenda mál	ÞÝS/FRA/SPÆ103, 203, 303, 403	12
Þjóðhagfræði	ÞJÓ113, 202, 302	9
Rekstrarhagfræði	REK103, 213, 313	9
Bókfærsla	BÓK113, 201, 213, 313	9
Saga	SAG103, 203, 303	9
Náttúruvísindi	NÁT103, 113, 123	9
Lífsleikni	LKN101, LKN 121	2
Tölvunotkun	TÖN103, 203	6
Vérlritun	VÉL101	1
Fjármál	FJÁ103	3
Lögfræði + fél.	LÖG103	3
Íþróttir	ÍÞR101, 111, 201, 211, 301, 311, 401, 411	8
Frjálst val	6 einingar	6
		143



Sverrir

Hvað geturðu sagt okkur um sviðið sem þú ert á?

Hagfræðisviðið er tilvalið fyrir þá sem hafa áhuga á viðskiptum og tölum og öllu sem því fylgir, eins og bókfærslu, viðskiptafræði og þess háttar.

Fyrir hverja er þessi braut?

Þessi braut er fyrir alla sem eru þínu forvitnir um sinn eigin hag eða annarra og vilja hafa puttann á púlsinum á því sem er að gerast í efnahagslífi landsins. Þetta er líka kjörin leið fyrir alla þá sem ganga með þann draum í maganum að lifa og hrærast í þessum villta viðskiptageira!)

Hvert stefnirðu í framtíðinni? Hvernig passar þetta nám inn í það?

Ég vildi einbeita mér að viðskiptagreinum einfaldlega vegna þess að mér finnst svona talnagrúsk og pælingar mjög spennandi. Ég vildi auðvitað líka undirbúa mig vel fyrir háskólanám á þessu sviði, enda get ég svo sem upplýst það hér og nú að ég sé sjálfan mig alveg fyrir mér í einhvers konar fyrirtækjarekstri í framtíðinni.

«Þessi braut er fyrir alla sem eru þínu forvitnir um sinn eigin hag eða annarra og vilja hafa puttann á púlsinum á því sem er að gerast í efnahagslífi landsins.»

Viðskipta- og hagfræðibraut - Viðskiptasvið

Boðið er upp á tvö mismunandi svið: viðskiptasvið og hagfræðisvið. Áhersla er lögð á viðskiptagreinar og aðrar skyldar greinar þannig að nemendur geti haldið áfram námi í háskóla, í sérskólum á háskólastigi eða farið út á vinnumarkaðinn að loknu stúdentsprófi.

Námsgrein	Áfangar	Einingar
Íslenska	ÍSL103, 203, 303, 403, 503	15
Stærðfræði	STÆ103, 203, 313, 363, 463, 563	18
Danska	DAN103, 203	6
Enska	ENS103, 203, 303, 403, 503	15
3. erlenda mál	ÞÝS/FRA/SPÆ103, 203, 303, 403	12
Þjóðhagfræði	ÞJÓ113	3
Rekstrarhagfræði	REK103, 203, 323	9
Bókfærsla	BÓK113, 213, 313	9
Saga	SAG103, 203, 303	9
Náttúruvísindi	NÁT103, 113, 123	9
Lífsleikni	LKN101, LKN121	2
Tölvunotkun	TÖN103, 203	6
Vélrítun	VÉL101	1
Fjármál	FJÁ103	3
Markaðsfræði	MAR103, 203	6
Stjórnun	STJ103	3
Lögfræði + fél.	LÖG103	3
Íþróttir	ÍÞR101, 111, 201, 211, 301, 311, 401, 411	8
Frjálst val	6 einingar	6
		143



Agnes

Geturðu miðlað upplifun þinni af sviðinu sem þú ert á?

Á viðskiptasviði færðu ekki einungis góðan grunn fyrir áframhaldandi nám í viðskipta- eða hagfræði heldur einnig fyrir fjárhagslegu hlið framtíðarinnar. Þar lærirðu t.d. bókhald, hagfræði, markaðsfræði og að starfa með ólíku fólki.

Hentug braut fyrir...hverja?

Brautin hentar þeim vel sem hafa áhuga á viðskiptalífínu og því sem það snertir - eða bara einhverju allt öðru. Þetta er fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt nám :)

Hvað ætlarðu að gera eftir Verzló? Hvernig passar þetta nám inn í það plan?

Ég hef ekki endanlega ákveðið hvað ég ætla að gera eftir Verzló, en ég veit að þetta nám mun alltaf gagnast mér á einn eða annan hátt.

«Á viðskiptasviði færðu ekki einungis góðan grunn fyrir áframhaldandi nám í viðskipta -eða hagfræði heldur einnig fyrir fjárhagslegu hlið framtíðarinnar.»

Verzlunar- og frumkvöðlabraut



Námsgrein	Einingar
Verknám í verzlun	9
Vörufræði	3
Þjónusta og framkoma	3
Persónufærni	3
Siðfræði	3
Bókfærsla	6
Hagfræði	3
Frumkvöðlafræði	3
Lokaverkefni	12
Íslenska	6
Stærðfræði	6
Danska	3
Enska	6
Íþróttir	4
Upplýsingatækni	6
	76

Námsbrautin býr nemendur undir störf í verzlun og við þjónustu ásamt því að gefa margskonar innsýn í rekstur og stofnun fyrirtækja.

Þessi leið hentar vel fyrir útskrifaða nemendur úr 10. bekk sem ekki hyggjast leggja stund á nám til stúdentsprófs en vilja mennta sig til þess að auka forskot á vinnumarkaði.

Markmið brautar

- Að búa nemendur undir störf í verzlun og við þjónustu
- Að veita nemendum faglegar forsendur til að sjá um verkefnastjórnun
- Að efla tölunotkun og kunnáttu í helstu forritum sem notuð eru í námi
- Að efla almenna og persónulega færni nemenda til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni á vinnumarkaði
- Að efla kunnáttu og þor til að takast á við ný námstækifæri á vettvangi starfs eða skóla

«Námsbrautin er tveggja ára nám á fjórum önnum»

Félagslíf

Lífið í Verzló

Nemendafélag Verzlunarskóla Íslands (NFVÍ) stendur fyrir fjölbreyttu og öflugum félagslífi. Margir klúbbar/félög eru starfandi, s.s. ljósmyndaklúbbur, vídeoklúbbur, íþróttafélag, listafélag o.fl.

NFVÍ stendur fyrir fjölmörgum hressandi uppákomum og má þar nefna söngvakeppni, sönglagakeppni, ljósmyndakeppni, skemmtikvöld, stuttmyndahátíð, málfundi, íþróttamót og margt, margt fleira.

Útgáfustarfsemi er einnig sérlega blómleg en gefin eru út þrjú blöð/tímarit: Viljinn, sem er elsta skólablað landsins, Verzlunarskólablaðið, sem kemur út einu sinni á ári, og Kvasir.

Markmið félagsins er að halda uppi heilbrigðri skemmtun fyrir alla nemendur utan kennslu og gera menntaskólaárin að eftirminnlegustu árum lífsins.

Einnig heldur nemendafélagið uppi öflugri og vel uppfærðri vefsíðu, nfvi.is, en þar má finna allar upplýsingar um komandi atburði, myndir, spjall og fleira skemmtilegt fyrir félagsmenn.

Hápunktur félagslífsins er hið árlega Nemendamót sem haldið er í febrúar. Þar hafa nemendur sett upp ákaflega viðamikla söngleiki sem sumir hverjir hafa vakið geysimikla athygli.





Viðtal

Núverandi vs. Fyrrverandi

Tímarnir tvennir mætast hér í opinskáu og hressilegu uppgjöri núverandi og fyrrverandi nemanda við hina virtu menntastofnun, Verzlunarskóla Íslands. Engu er haldið undan, öllu er uppljóstrað.

Arnar Sveinn Geirsson

Hæ. Hvað heitirðu og hvað ertu gamall?

Arnar Sveinn Geirsson, verð 19 ára núna í sumar.

Á hvaða braut ertu?

Náttúrufræðibraut – Liffræðisviði.

Bíddu er pabbi þinn ekki Geir Sveinsson? Eigum við að ræða það eitthvað?

Nei.

Mér skilst að þú sért svona fótboltagaur, geturðu sagt mér aðeins frá því?

Ég byrjaði 5 ára gamall að æfa fótbolta og hef því æft í bráðum 13 ár. Ég hef alla tíð æft með Val og það kæmi ekkert annað til greina.

Hvaða stöðu spilarðu?

Kjörstaðan hjá manni er senter (framherji) en ég get líka spilað miðju og kant.

Frækinn ferill hingað til?

Ég hef verið í öllum yngri landsliðum sem ég hef átt möguleika á að vera í. Er eins og er í U-19 ára liðinu, nýgenginn upp í það. Á að baki 14 landsleiki og hef m.a. spilað í úrslitakeppni EM með U-17. Þar sem ég er nú enn ungur eru ekki komnir neinir titlar í hús, þannig séð, annað heldur en bara í yngri flokkum. En Valur varð auðvitað Íslandsmeistari 2007/2008, og svo er þetta bara tímaspursmál...

Er Verzló með fótboltalið?

Já, Verzló er að sjálfsgöðu með fótboltalið.

Hvernig er annars hlúð að ykkur þarna í Verzló?

Aðstaðan er auðvitað frábær í Verzló. Þar er allt til alls og maður getur stundað námið af krafti.

En ef ég myndi reyna að knýja fram svar um hvað er best við aðstöðuna í Verzló?

Ætli ég nefni þá ekki bara tölvuaðstöðuna sem er alveg hrikalega góð. Síðan er Marmorinn auðvitað mjög fallegur ;)

Hvernig leggst lærdómurinn í þig?

Mér finnst námið í Verzló algjör snilld. Það er ekki verið að drekkja manni, þó að námið haldi manni vel við efnið. Kennararnir eru allir mjög áhugasamir og hjálpa mikið til. Viðhalda áhuganum mjög vel.

Hvernig gengur að sameina námið og fótboltann?

Það gengur bara mjög vel, hef aldrei átt í miklum vandræðum með það. Stundum getur þetta orðið „töff“ þegar ég er á æfingum bæði með félagsliði og landsliði í sömu viku, en þá er bara að fylgjast betur með í skólanum.

Af hverju heldurðu að félagslífið í Verzló sé svona gott?

Það þarf náttúrulega ekkert að ræða það að félagslífið í Verzló er bara best. Það hafa t.d. flestir heyrt um Nemendamótssýninguna og Nemó-daginn, sem er árs hátíð okkar Verzlinga. Hún er algjör snilld og það er eitthvað sem stendur upp úr á hverju ári. Það vita kannski færri um kosningavikuna,

hina árlegu lýðræðishátíð Verzló, sem er líka mjög skemmtileg.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert í Verzló?

Það skemmtilegasta sem ég hef gert innan skólans var Lasertag sem var á vegum skemmtó, eða skemmtinefndarinnar. Þá voru nokkur lið (sem höfðu skráð sig) að keppa inni í skólanum um nótt. Niðamyrkur, dúndrandi tónlist með byssur, gerist ekki skemmtilegra. Utan skólans eru það svo böllin sem eru alltaf sérstakt tilhlökkunarefni.

Og hvað svo? Hvert stefnirðu? Hvað ætlarðu að verða þegar þú verður stór?

Stefnan er sett á atvinnumennsku eftir Verzló. Það er algjört forgangsatíði. Ég hef mikla trú á því að það náist. Hvort sem ég næ því eða ekki, þá hef ég áhuga á því að fara að læra verkfræði við háskólann, annað hvort þá með atvinnumenskunni eða eftir hana. Ég myndi þó alltaf læra eitthvað á meðan ég væri úti.

Hvernig sérðu fyrir þér að Verzló hjálpi þér að ná þessum markmiðum?

Námið er auðvitað gríðarlega gott og hjálpar mér þegar út í háskólann kemur. Hvað fótboltann varðar, þá hefur Verzló verið mjög sveigjanlegur við mig. Þegar ég hef verið að ferðast með landsliðinu fæ ég frí og svoleiðis. Síðan er bara það vel haldið utan um mann að maður veðrast allur upp og langar að standa sig vel í öllu.

Eitthvað fallett um Verzló svona að lokum?

Ef ég mætti velja aftur núna, hvaða menntaskóla ég færi í myndi ég alltaf velja Verzló. Þetta hafa verið 2 snilldarár! Verzló hefur bara svo margt sem er jákvætt og hann hefur svo margt framyfir aðra skóla finnst mér og þá aðallega félagslífið.

Logi Geirs eða Snorri Steinn? Og af hverju?

Þú veist að þeir eru handboltagaurar, er það ekki? Ég er í fótbolta.

Ha? Jú, umm...að sjálfsgöðu vissi ég það. Hvað hérna... heldurðu eiginlega að ég sé?

Ókei. Logi Geirs þar til ég yrði tvítugur, þá myndi ég vilja skipta yfir í Snorra. Ég myndi ekki vilja vera eins og Logi það sem eftir væri af ævinni, hehe.

Guðrún Agnarsdóttir

Hvað ertu að bralla svona dag frá degi?

Ég er forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

En þú hefur nú brallað alveg hreint ýmislegt í gegnum tíðina. Hérna...tjah, geturðu nefnt okkur svona það helsta? Eða það sem þér finnst það helsta?

Ja, það er nú svona sitt af hverju. Lærði læknisfræði hér heima og fór svo í sérnám til London þar sem við bjuggum fjölskyldan í 13 ár, en maðurinn minn, Helgi Valdimarsson er líka læknir. Við eigum þrjú börn og ég á tvo stjúpsyni og barnabörnin eru orðin 12. Vann svo á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum við rannsóknir á hæggingum veirum eftir að heim kom. Skipulagði og vann við neyðarmóttöku vegna nauðgunar á Landspítala og var og er forstjóri Krabbameinsfélagsins. Svo er ég nýbúin að ljúka námi í skógrækt og orðin skógarbóndi í Svarfaðardal.

En þú þurftir nú að mennta þig aðeins fyrir þetta allt og skelltir þér í Verzló svona til að byrja með. Hvers vegna varð hann fyrir valinu?

Það kom nú eiginlega af sjálfu sér. Ég var 13 ára, búin með 1. bekk í Gaggó. Mamma mín og systkini hennar höfðu verið í Verzló og öllum þótti sjálfsagt að ég fylgdi í fótspor þeirra og fengi praktiska menntun svo að ég gæti séð fyrir mér ef maðurinn minn dæi! Svona var nú hugsunin þá og ég var hálfgerður krakki og þældi ekkert í því. Ég man að ég var mjög glöð að ná inntökuþrófinu.

Hvernig var að vera í Verzló?

Það var skemmtilegt og þá var

skólinn á Grundarstíg. Þar leið viðburðarík æska með litríkum kennurum og góðum félögum. Við höldum enn hópinn stelpurnar úr árganginum og hittumst mánaðarlega yfir veturinn. Áttum 50 ára útskriftarafmæli síðastliðið vor sem ég trúði nú ekki alveg þegar ég leit yfir þennan spræka og unglega hóp.

Heyrirðu eitthvað um hvernig er að vera í Verzló núna? Er það eitthvað öðruvísi?

Samfélagið er mikið öðruvísi nú en þá og skólinn eflaust líka. Samt heyrir ég að kennarar eru góðir og nemendum þykir vænt um skólann sinn. Báðir hafa metnað og sýna skólanum trygglyndi og vilja standa sig vel. Það skiptir máli.

Nú hefurðu verið forvígis"maður" í kvenréttindabaráttu á Íslandi, hvernig bar það til?

Hugmyndir '68 kynslóðarinnar og eigin lífsreynsla kveiktu í mér eins og mörgum öðrum. Þegar ég kom heim frá langri dvöl erlendis fór ég á fjölmennan baráttufund á Hótel Borg, til að styðja aðrar konur en endaði svo í framboði og var á Alþingi fyrir Kvinnalistan í 7 ár, frá 1983 til 1990. Mér fannst ég hafa verið lánsöm og heppin í lífinu og þegið mikið frá samfélaginu og fannst kominn tími til að greiða fúslega til baka. Þetta var ævintýri sem ég hefði ekki viljað missa af.

Hver heldurðu að sé munurinn á því að vera kona þá og nú? Hver er staða konunnar í dag samanborið við til dæmis þegar þú varst að byrja í Verzló?

Umræðan um jafnrétti og kvenfrelsi er mun þróaðri og komin lengra í dag en þá, einnig eru

mörg réttindamál komin í höfn. Hins vegar er glíman í dag við að sameina ólík og krefjandi hlutverk kvenna svipuð og launamunur milli karla og kvenna er enn við lýði og óskiljanlega lífseigur.

Hvað finnst þér um orðið „femínismi“ í dag?

Mér finnst femínismi flott orð og fin sú hugmyndafræði sem hann byggir á. Femínismi er jákvætt afl fyrir samfélag okkar, mannréttindabarátta bæði fyrir konur og karla.

En hvað finnst þér um ákveðna undiröldu andfemínisma í samfélaginu?

Ætli hún stafi ekki af öryggisleysi og vantrausti manna á sjálfum sér? Viðsýnir einstaklingar vita að allir eiga rétt á og þurfa svigrúm og frelsi til að blómstra og láta það rætast sem í þeim býr. Femínismi snýst um það.

Á þeim nótum, þá giftirðu þig tiltölulega snemma, er það ekki?

Ég giftist 1966, 25 ára, en var byrjuð að búa eitthvað fyrir.

Og varst kasólétt í læknisfræðinni í Háskólanum?

Mér hefur aldrei fundist ég vera "kasólétt" en fannst yndislegt að upplifa það að vera barnshafandi og reyndar fæddi ég stór börn svo kannski var ég svolítið kas? Það fyrsta, dóttir mín, fæddist þegar ég var í miðhluta námsins og svo átti ég von á öðru barni, syni, þegar ég útskrifaðist úr læknisfræðinni. Sá þriðji fæddist svo í Englandi.

Hvernig var að sameina námið, manninn og börnin, og svo hugsjónimar?

Það gekk nokkuð vel. Við bjuggum

heima hjá foreldrum mínum fyrstu árin, áður en við fórum utan, eins og systkini mín og þeirra fjölskyldur. Þar hjálpuðust allir að. Síðan nutum við aðstoðar íslenskra stúlkna og svo íslenskra hjóna í námi sem aðstoðuðu við barnagæslu og heimilishjálp þegar við bjuggum úti. Eftir að við komum heim og ég fór á þing þurftu allir sem aldrei fyrr að kunna að bjarga sér.

Þú bauðst þig svo fram til forseta Íslands, hvernig bar það að? Og hvernig var sú upplifun?

Ég ákvað að slá til eftir fjölda áskorana frá fólki sem ég mat mikils. Var þó lengi á báðum áttum. Þetta er óvenjulegt hlutverk. Svo varð framboðið mikið ævintýri, bæði að kynnast þeim mörgu sem studdu það og unnu að því og síðan kynnin af fólki á fundum og ferðalögum víða um land. Ógleymanleg lífsreynsla.

Það hefði nú verið kvenréttindavænt að hafa tvo kvenkyns forseta í röð?

Eflaust. En ýmsir voru á því að nú væri röðin komin aftur að karli í embættið eftir 16 ára frábæra frammistöðu Vigdísar Finnbogadóttur. Ég var mjög sátt við niðurstöðuna og er ánægð með líf mitt í dag.

Svona að lokum, eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?

Já, mér finnst mikilvægt að ungt fólk hlusti á sína innri rödd og fylgi henni við val á námi og starfi. Það er alltaf gott að hlusta á ráð annarra sem vilja manni vel en oft veit ungt fólk betur og hefur næmi á þarfir framtíðar. Ég hef mikla trú á unga fólkinu okkar.



